

Samningur um rekstur Samkomuhússins á Flateyri

1. gr.

Samningsaðilar og markmið

Hollvinasamtök Samkomuhússins, kt. 680825-0250, hér eftir nefnt Hollvinasamtökin, annars vegar, og Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, hins vegar, gera með sér svofelldan samning um rekstur félagsheimilisins á Flateyri, með það að markmiði að efla og auka félagsstarf og menningarlíf í Önundarfirði og styrkja rekstur og uppbyggingu félagsheimilisins.

2. gr.

Skyldur Hollvinasamtakanna

Hollvinasamtökin skulu sjá um að markmið 1. gr. verði náð með eflingu og aukningu í félags- og menningarlífi í Önundarfirði með rekstri fasteignarinnar. Hollvinasamtökin, sem eigandi hússins, sjá um allan rekstur fasteignarinnar, stjórnun og utanumhald viðburða, útleigu hússins, viðhald, og greiðslu sorpgjalds. Allur rekstrarafgangur skal renna óskiptur til viðhalds og endurbóta á húsinu.

Hollvinasamtökin sem eigandi hússins ber ábyrgð á rekstri og starfsemi hússins og því tjóni sem af kann að stafa upp að því marki sem eðlilegt getur talist. Hollvinasamtökin skal uppfylla þau leyfi sem opinberir eftirlitsaðilar gera kröfu um vegna starfseminnar.

Hollvinasamtökin skulu tryggja að ásýnd hússins og umhverfis þess sé ávallt eins og best verður á kosið.

Hollvinasamtökin skulu, árlega, afhenda Ísafjarðarbæ ársreikning og ársskýrslu vegna hússins.

3. gr.

Skyldur Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær skuldbindur sig til að styrkja starfsemi Hollvinasamtakanna til reksturs hússins, með styrk til greiðslu orkukaupa fasteignarinnar, þ.e. rafmagns og hita, auk styrks vegna húseiganda- og brunatryggingar og heilbrigðiseftirlitsgjalda.

Þá skal Ísafjarðarbær greiða styrk sem nemur fasteignaskatti, lóðarleigu, vatnsgjaldi, og fráveitugjaldi eignarinnar.

Styrkur vegna kostnaðar, annars en fasteignagjalda, er greiddur gegn innsendum rafrænum reikningi með fylgigögnum, með tveggja vikna eindaga. Mikilvægt er að reikningar séu sendir innan réttis reikningsárs.

Til hliðsjónar var kostnaður ársins 2024 eftirfarandi:

Orkukaup	kr.	737.344
Brunatryggingar	kr.	87.134
Heilbrigðiseftirlitsgjöld	kr.	17.234
Fasteignaskattur	kr.	227.370
Lóðarleiga	kr.	30.900
Vatnsgjald	kr.	48.506
Fráveitugjöld	kr.	65.956
Alls	kr.	1.214.444

4. gr.

Styrkur til endurbóta á húsinu

Ísafjarðarbær skuldbindur sig til þess að styrkja Hollvinasamtökin um kr. 7.000.000, í eitt skipti á árinu 2026, en styrkurinn skal nýttur til viðhalds og endurbóta á húsinu, og skal sérstaklega gerð grein fyrir notkun styrksins í ársskýrslu skv. 2. gr. samningsins.

Styrkur er greiddur gegn innsendum rafrænum reikningi, með tveggja vikna eindaga.

5. gr.

Samskipti

Allar breytingar og viðaukar sem gerðir eru við þennan samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af öllum samningsaðilum.

Allar orðsendingar, tilkynningar og kvartanir, vegna samnings þessa skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti.

Tengiliður Ísafjarðarbæjar við Hollvinasamtökin er sviðsstjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs. Tengiliður Hollvinasamtakanna skal vera formaður félagsins.

6. gr.

Gildistími og uppsögn samnings

Vanefni Hollvinasamtökin skyldur sínar samkvæmt samningi þessum er Ísafjarðarbæ heimilt að segja samningnum upp.

Samningur þessi gildir frá undirritun og til 31. desember 2035, og er uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara að beggja hálfu.

Selji eða ráðstafi Hollvinasamtökin félagsheimilið til annars aðila falla skyldur samningsaðila samkvæmt þessum samningi niður.

7. gr.

Önnur ákvæði

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hverjum samningsaðila.

Ísafjarðarbær, 18. september 2025

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Hollvinasamtaka Samkomuhússins

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, bæjarstjóri

Pórður S. Ú. Júlíusson, formaður stjórnar